

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 199/1987. **Anna Sigríður Guðmundsdóttir og
Sveinn Ívarsson**

gegn

Hafliða Guðjónssyni

Björgu Árnadóttur og

Rolant Dahl Christiansen

Kærumál. Réttarsáttir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðilar hafa með heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 6. gr. laga nr. 28/1981 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 15. þ.m. Þeir krefjast þess að varnaraðilum verði synjað um að gera réttarsátt. Þá krefjast þeir þess að varnaraðilar verði dæmdir in solidum til þess að greiða þeim málskostnað „bæði í héraði og fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins“.

Varnaraðilinn Hafliði Guðjónsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila. Sams konar kröfur eru gerðar af hálfu varnaraðilanna Bjargar Árnadóttur og Rolants Dahl Christiansen.

Varnaraðili Hafliði Guðjónsson höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur varnaraðilunum Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen með stefnu 23. desember 1986 til greiðslu á 3.445.000,00 krónum auk vaxta og málskostnaðar, svo og til staðfestingar á löghaldi sem fram fór 16. desember 1986. Málið var þingfest 8. janúar sl. Sóknaraðilar stefndu öllum aðilum málsins til þess að þeim yrði dæmt skylt að hlíta meðalgöngu sóknaraðila í málinu, að synjað yrði um staðfestingu löghaldsins og að málsaðilar yrðu dæmdir til greiðslu málskostnaðar. Eftir kröfu málsaðila, þ.e. varnaraðila í þessu kærumáli, vísaði héraðsdómarinn meðalgöngusökinni frá með dómi 12. mars sl. Sóknaraðilar kærðu dóminn til Hæstaréttar sem felldi frávísunardóminn úr gildi með

dómi sínum 14. apríl sl. og heimilaði sóknaraðilum meðalgöngu í máli varnaraðila.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 18. f.m. lýstu lögmenn varnaraðila yfir því að þeir óskuðu eftir því að gera sátt um fjárkröfur þær sem gerðar hefðu verið í málinu á milli þeirra. Því mótmælti lögmaður sóknaraðila og var þetta atriði tekið til sérstakrar úrlausnar að undangegnum munnlegum málflutningi 20. maí. Hinn 27. maí kvað héraðsdómariinn, Friðgeir Björnsson borgardómari, upp hinn kærða úrskurð. Hann er án forsendna og hljóðar svo:

„Stefnanda Hafliða Guðjónssyni og stefndu Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen er heimilt að gera sátt um fjárkröfur í máli þessu.“

Sóknaraðilar telja, að ólögmaett sé að gera réttarsátt í málinu gegn andmælum þeirra. Auk þess sé hún tilefnislaus og óþörf og horfi hvorki til hagræðis né flýtis við meðferð málsins. Þá sé efni sáttarinnar svo óljóst að þegar af þeirri ástæðu beri að synja um hana skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981. Mestu skipti þó, að með því að fallast á réttarsátt sé héraðsdómari að veita varnaraðila Hafliða Guðjónssyni aðfarargrundvöll til að komast að hinum kyrrsettu verðmætum, sem um sé deilt vegna kröfu, er mótmælt sé og engin gögn hafi verið lögð fram um þrátt fyrir áskoranir sóknaraðila. Varnaraðilar benda á að kröfur aðalmálsins séu tvíþættar. Annars vegar lúti þær að staðfestingu löghaldsgerðar en hins vegar að ákveðinni fjárkröfu. Sóknaraðilar (meðalgöngustefnendur) hafi ekki í meðalgöngustefnu gert kröfu um að þeim yrði dæmt sakarefni aðalmálsins, heldur aðeins að synjað yrði um staðfestingu löghaldsgerðarinnar. Þar sem um tvo glöggt afmarkaða þætti sama máls sé að tefla sé þeim heimilt að gera dómsátt um fjárkröfuna skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, en láta kröfuna um staðfestingu löghaldsins ganga til dóms. Efni réttarsáttarinnar telja þeir vera fullljóst, en það sé endurgreiðsla á kaupverði íbúðar í Nóatúni 25, Reykjavík, 1.100.000,00 krónur með vöxtum og vaxtavöxtum.

Fjárfkrafa sú, sem um er deilt í aðalmálinu, er aðeins milli varnaraðila í þessu kærumáli. Þegar á þetta er litið ásamt kröfugerð sóknaraðila í því máli, þykja varnaraðilar hafa nægilegt forræði fjárkröfunnar til að gera um hana réttarsátt skv. 2. mgr. 2. gr. laga

nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981. Eigi verður fallist á, að efni sáttarinnar sé of óljóst til þess hún verði gerð.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð. Málskostnaðar verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 191/1987.

**Björn Magnússon og
Einar Svavarsson**

gegn

sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu

félagsmálaráðuneytinu

dómsmálaráðuneytinu

fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs

Áshreppi

Sveinsstaðahreppi

Blönduóshreppi

Svínavatnshreppi

Torfalækjarhreppi

Þverárhreppi

og eigendum og ábúendum jarðanna

Stóru-Giljár, Þingeyra, Hnaua I

Axlar I og II, Undirfells og

Nautabús

Kærumál. Máli vísað að hluta frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27.